

ÁBYRGIR NEYTENDUR?

Valverkefni
Einstaklingsverkefni/
samvinnuverkefni

Þurfum við allt það sem við eigum?

Viðmið um árangur:

- Að ég svari spurningunum samviskusamlega.
- Að ég átti mig á hvaðan vörur sem ég versla koma, úr hverju þær eru og hver býr þær til.
- Að ég velti fyrir mér neysluvenjum mínum.

Hæfniviðmið:

Að nemandi geti:

- útskýrt hvernig einstaklingur getur stuðlað að eigin velferð með ábyrgri neyslu og hegðun.
- Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum.
- Ígrundað eigin getu til aðgerða og gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna eða aðgerðaleyfis.

1. Hvað keyptir þú síðast fyrir utan mat? En þar síðast? Og þar á undan? (3 hlutir) Veldu eitt af þessum kaupum til að halda áfram með verkefnið.
2. Hvers vegna keyptir þú þennan hlut?
3. Hvaða áhrif hafa þessi kaup á daglegt líf þitt? Hvers vegna og hvernig?
4. Hvaðan kom hluturinn? (Hvaða búð og frá hvaða landi upprunalega) Hér má glöggva sig (e. Google-a)
5. Hvernig var hluturinn búinn til? Úr hvaða efni er hann gerður? Hér má glöggva sig (e. Google-a)
6. Hver bjó hann til?
7. Hvað verður um hlutinn þegar þú hættir að nota hann?
8. Myndir þú kaupa hlut sem þú vissir að hefði verið búin til með barnaprælkun?
9. Hefðir þú getað gert meðvitaðari kaup? Hefðir þú getað sleppt þess um kaupum?

Afurð: Vel uppsett Docs skjal.

